

Björgunarrannsókn

Fornleifar í kjallara í Brautarholti á Kjalarnesi

Sólrún Inga Traustadóttir

2024



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur: Sólrun Inga Traustadóttir

© 2024

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

Minjastofnun Íslands

ISBN: 978-9935-9576-9-6

Öll réttindi áskilin

Ljósmyndir eru teknar af höfundi þessarar skýrslu eða starfsfólki Minjastofnunar Íslands, nema annað sé tekið fram í myndatexta.

Ljósmynd á forsíðu: Suðursnið í könnunarskurði C í kjallaranum. Á myndinni sést torf- og grjóthleðsla í mannvirki 3, ásamt mannvistarlögum.

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Iceland

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	4
Aðdragandi vettvangsferðar	5
Fyrri rannsóknir	5
Brautarholt - Söguyfirlit	6
Staðhættir og ástand minja	10
Rannsókn	12
Aðferð	12
Könnunarskurðir	13
Könnunarskurður A	13
Könnunarskurður B	15
Könnunarskurður C	17
Mannvirki	19
Mannvirki [1] – púkk eða gólf kjallarans	19
Mannvirki [2] og öskuhaugur [200]	19
Mannvirki [3]	20
Gripir	21
Steinn	22
Járn	25
Málmur	25
Gjall	25
Sýni	26
Niðurstöður	26
Lokaorð – mótvægisáðgerðir	27
Myndaskrá	28
Viðaukar	30
1. Mannvirkjaskrá.....	30
2. Flæðirit (<i>matrix</i>) – eldunarhola	30
3. Einingaskrá	31
4. Fundaskrá	38
5. Sýnaskrá	43
6. Teikningaskrá	44
7. Borkjarnaskrá	45
8. Ljósmyndaskrá	52
Heimildaskrá	73

Grunnupplýsingar

Málsnúmer Minjastofnunar Íslands: **202206-0129**

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands: **ÞJMS 2022-51**

Tilgangur rannsóknar:

Björgunarrannsókn. *Að afla upplýsinga um aldur, eðli og umfang fornleifa sem liggja undir kjallaragólfi í Brautarholti (6a) á Kjalarnesi.*

Staðsetning: Brautarholt (6a), Kjalarnes, Reykjavík og nágrenni

ISN93: A 360553 N 418653

Rannsóknartími: 20. - 28. júní 2022

Starfsmenn á vettvangi: Sólrún Inga Traustadóttir, Margrét Valmundsdóttir, Sigurður Bergsteinsson og Uggi Ævarsson.



Rauði depillinn á kortinu sýnir staðsetningu Brautarholts.

Aðdragandi vettvangsferðar

Vorið 2022 var haft samband við Minjastofnun Íslands vegna fornleifa sem fundust í kjallara á íbúðarhúsinu, Brautarholti (6a) á Kjalarnesi. Þá var verið að skipta út steyptri gólfplötu í kjallaranum þegar í ljós komu veglegar grjóthleðslur. Starfsmenn stofnunarinnar fóru á staðinn og sáu þá auk grjóthleðslanna, mannvistarlög sem náðu yfir allan gólfhlötinn í vestur hluta kjallarans. Ákveðið var að rannsaka fornleifarnar áður en framkvæmdir héldu áfram á húsinu.

Sérstakar þakkir fær eigandi hússins, Ólafur Jónsson, sem tilkynnti strax um fornleifafundinn og mættu fleiri taka það sér til fyrirmyndar. Ólafur hefur mikinn áhuga á fornleifum og var ávallt liðlegur með ýmis praktísk atriði sem hjálpaði fornleifafræðingum við vinnu, m.a. færiband til að flytja jarðveginn út úr kjallaranum. Fornleifafræðingum til aðstoðar var Pawel Czartoryski.

Fyrri rannsóknir

Nokkur skráningarverkefni hafa farið fram á Kjalarnesi í gegnum tíðina en líkt og á svo mörgum stöðum á Íslandi er ekki búið að fullskrá svæðið eftir núverandi stöðlum um fornleifaskráningu Minjastofnunar Íslands.

Ári eftir sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, 1999, hóf Minjasafn Reykjavíkur, nú Borgarsögusafn Reykjavíkur, skráningu í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Um var að ræða skráningu jarða eftir ritheimildum og örnefnaskrárm í gagnagrunninn Sarp. Minjasafnið gerði í framhaldinu áttak í vettvangsskráningu fornleifa á Kjalarnesi á árunum 2002 og 2003. Síðan þá hafa farið fram nokkrar fornleifaskráningar í tengslum við framkvæmdir og skipulag.¹ Nánar um þessa vettvangsskráningu er að finna í MA ritgerð Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur, *Fornleifar á Kjalarnesi. Flokkun og greining á skráðum fornleifum*.

Nýlegasta skráningin sem hefur verið gerð á Kjalarnesi er frá árinu 2020: [Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í dreifbýli Reykjavíkur á vegum Náttúrustofu Vestfjarða](#) og fór hún fram að beiðni Minjastofnunar Íslands á þeim jörðum er höfðu ekki verið skráðar áður.² Hægt er að skoða skráningargögn sem hafa borist Minjastofnun um jörðina Brautarholt og umhverfi inn á minjavefsjá stofnunarinnar, t.d. hér: [Brautarholt, Kjalarnesi](#).

Örfáir fornleifauppgreftir hafa farið fram á Kjalarnesi en athyglin hefur sérstaklega beinst að kirkjunni á Esjubergi, eða leit að henni öllu heldur.

Í Sturlubók Landnámu og Kjalnesinga sögu er þess getið að Örlygur gamli hafi látið reisa kirkju á Esjubergi á Kjalarnesi. Ef ritheimildirnar hafa við einhver rök að styðjast ætti kirkja Örlygs að hafa verið ein af allra fyrstu kirkjum sem reistar

¹ Margrét Björk Magnúsdóttir, 2015, bls. 22.

² Margrét Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2021.

Vorið 2022 var haft samband við Minjastofnun Íslands vegna fornleifa sem fundust í kjallara á íbúðarhúsinu, Brautarholti (6a) á Kjalarnesi.

voru á Íslandi.³ Rétt eftir aldamótin 1900 kannaði Brynjúlfur Jónsson fyrstur manna meinta kirkjutóft á Esjubergi í túninu austur af bænum. Tóftin hafði verið kölluð *kirkjutóft* eða *bænhústóft* frá ómuna tíð og girðing sem var áföst við tóftina nefnd *kirkjugarður*. ... Hann taldi að girðing sú sem kölluð var kirkjugarður væri líklegri til að vera nátthagi frá seinni öldum eða útgræðslugerði sem hefði fengið kirkjugarðsnafnið vegna samhengis við kirkjutóftina.⁴ Kirkjutóft þessi er síðan friðlýst af Matthíasi Þórðarsyni árið 1938 þar sem vísað er í grein Brynjúlfs í Árbókinni 1902. Árið 1981 er hin meinta kirkjutóft rannsökuð af Guðmundi Ólafssyni, fornleifafraeðingi hjá Þjóðminjasafni Íslands. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að steinhleðslurnar sem taldar höfðu verið leifar kirkjunnar, reyndust að öllum líkindum vera frá 16. eða 17. öld miðað við staðsetningu gjóskulaga. Undir hellulögðu gólfi rústarinnar var að finna móöskudreif og viðarkolaösku sem gætu verið frá 11. eða 12. öld og benda frekar til þess að um sé að ræða íveruhús frekar en kirkju.⁵

Nokkrar framkvæmdarannsóknir hafa farið fram á síðustu árum á Kjalarnesi; m.a. við Esjustofu vegna lagningu afleggjara, í Álfsnesi vegna framkvæmda og vegna vegagerðar í landi Ártúns og Sjávarhóla.

Brautarholt - Sögufirlit

Hér verður farið stuttlega yfir sögu jarðarinnar Brautarholts sem byggir að mestu á MA ritgerð Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur, *Fornleifar á Kjalarnesi. Flokkun og greining á skráðum fornleifum*, frá árinu 2015. Ekki verður farið yfir allar ritaðar heimildir um jörðina og bendir höfundur áhugasömum á fyrrnefnda MA ritgerð. Hér verður eingöngu stiklað á stóru og greint frá elstu heimildum um jörðina, s.s. Landnámu, ýmsa máldaga og fornbréfasöfn, Kjalnesinga sögu, Jarðatal Johnsen og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Brautarholt er landnámsjörð, fornt höfuðból og kirkjustaður. Í Landnámu er greint frá því þegar Helgi bjóla, sonur Ketils flatnefs, fór til Íslands úr Suðureyjum og að ráði Ingólfs nam hann Kjalarnes allt milli Mógilsár og Mýdalsár. Hann bjó svo að bænum Hofi⁶ sem er um 1 km austur af Brautarholti. Einnig segir í Landnámu að Auðun(n) Þórðarson hafi búið að Brautarholti og að hann hafi verið afkomandi Ávangs, sem var írskur að uppruna. Ávangur byggði sér bú fyrst í Botni í Hvalfirði.⁷

Í Kjalnesinga sögu, sem talin er skrifuð á 14. öld, er fjallað um Brautarholt og ábúendur, í 2. kafla segir eftirfarandi:

Á ofanverðum dögum Konofogors kom skip í Leiruvog. Þar voru á írskir menn. Maður hét Andriður, ungur og ókvongaður, mikill og sterkur. Þar var á kona sú er hét Esja, ekkja og mjög auðig. Sá maður er nefndur

³ Guðmundur Ólafsson, 1981, bls. 1.

⁴ Brynjúlfur Jónsson. 1902, bls. 35.

⁵ Guðmundur Ólafsson. 1981, bls. 3.

⁶ *Landnámabók (Sturlubók)*

⁷ *Íslensk fornrit* I. b., Landnáma bók, bls. 58.

Kolli er þar var á skipi með þeim. Helgi tók við þeim öllum. Kolla setti hann niður í Kolla fjörð en með því að Örlýgur var gamall og barnlaus þá gaf hann upp land og bú og tók Esja við. Settist hún þá að Esjubergi. Allir þessir menn voru kallaðir skírðir en þó var það margra manna mál að Esja væri forn í brögðum. Andríður fór um veturinn til vistar til Hofa. Var þar þá fóstbræðralag og með sonum Helga. Andríður bað Helga fá sér bústað og kvonfang. Hann hafði auð fjár. Þá var skógi vaxið allt Kjalarnes svo að þar aðeins var rjóður er menn ruddu til bæja eða vega. Braut mikil var rudd eftir holtunum frá Hofi. Þangað riðu þeir Helgi og Andríður um vorið. Og er þeir komu út á holtið þá mælti Helgi: „Hér við eg Andríður,“ sagði hann, „gefa þér jörð og að þú reisir hér bæ. Mér þykir sem þeir synir mínir vilji að þér sitjið nær.“ Eftir það reisti Andríður bæ í brautinni og kallaði Brautarholt því að skógurinn var svo þykkur að honum þótti allt annað starfameira. Andríður setti þar reisu-legt bú saman.⁸

Erfitt er að vita hvaða Konofogor (Conchobar, Conchobair eða O' Conor) konungs er verið að vísa til í upphafi 2. kafla í Kjalnesingasögu, því það eru nokkrir með þessu nafni sem voru uppi á mismunandi tímum.⁹ Kjalnesinga saga gerist á tímum Haraldar hárfagra Noregskonungs, um 850-930, en er ekki rituð fyrr en á 14. öld sem rýrir trúverðugleika hennar nokkuð.

Brautarholts er getið í máldaga er varðar toll á osti til Viðeyjar árið 1220 og það vottar Árni Magnússon, sennilega Árni öreyða, sem víða er nefndur í Sturlungu. Hann átti Hallberu, dóttur Snorra Sturlusonar, og fékk með henni Brautarholt og mikið annað fé. Árni skildi við hana síðar og keypti Saurbæ á Kjalarnesi og bjó þar.¹⁰

Brautarholt var í einkaeigu árið 1686 þar sem hún var metin á 133 hundruð og 80 álnir en árið 1695 var hún metin á 120 hundruð.¹¹ Í manntalinu frá 1703 má ráða að á jörðinni hafi verið alls átta heimili en þar voru skráðir tveir ábúendur, fimm hjáleigumenn og einn fátækur búðasetumaður.¹²

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, árið 1704, var jörðin kirkjustaður og í einkaeign. Hún var metin á 100 hundruð og því verðmætasta jörðin á Kjalarnesi, með átta hjáleigur (Skemma, Ketilstaðir, Kjalarnes öðru nafni Nes, Hjallasandur, Lambhús, Flatbjörn, Langabúr eystra og Langabúr vestra) og tveimur kirkjugörðum. Ábúandi var einn og kvaðir engar. Á jörðinni var hægt að fódra sjö kýr og einn hest en bústofninn var þó töluvert stærrí. Ekki var hægt að stinga torf á jörðinni en var frí í Mýrarholti (sem kirkjan átti). Mótaka var hinsvegar nægileg til eldiviðar. Reki var í betra lagi og hægt að stunda selveiði sem hafði þó ekki verið nýtt lengi. Hrognkelsfjara var nokkur en engin skelfiskfjara nema með reka. Heimræði var allt árið, verstaða og lending góð og gengu skip heimabóndans og eiganda eftir þörfum. Stundum voru þar aðkomuskip gegn

⁸ *Kjalnesinga saga.*

⁹ *List of kings of Connacht.*


¹⁰ *Íslenskt fornbréfasafn*, I. b., bls. 494.

¹¹ Björn Lárusson, 1967, bls. 132.

¹² ÞÍ: Manntöl, *Brautarholt*.

gjaldi sem nam oftast helmingi aflans. Brautarholt átti sem fyrr helming í Andríðarey, á móti Hofi. Í eyjunni voru einu engjarnar því landþröng var á jörðinni. Selstöðu og beutiland átti kirkjan á Blikdal en haglaust var að mestu bæði sumar og vetur og mikil flæðihætta. Vatnsból var mjög lélegt og þornaði oft upp.¹³

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðin metin á 35 hundruð og 60 með hjáleigum, en þeim hafði þá fækkað um fjórar síðan 1704. Eigandi var einn og einn leiguliði. Hjáleigurnar voru Lambhús, Snússa (Skemma), Hjallasandur og Ketilstaðir.¹⁴



Mynd 1. Bæjarteikning af Brautarholtshverfi sem mælingadeild danska herforingjaráðsins gerði árið 1908. Þá voru alls 9 býli en aðeins tvö enn í byggð, Mýrarholt og Brautarholt. Teikning fengin hjá Landmælingum Íslands.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. b., bls. 361-366.

¹⁴ Johnsen, 1847, bls. 98.

Í danska ríkisskjalasafninu er varðveitt gríðarstórt skinnkort af Íslandi frá 1734 eftir Thomas Hans Henrik Knoff (sjá Mynd 2). Á því má lesa örnefnið *Andres Ey* sem á væntanlega við Andríðsey og mögulega *Brautarholt* eða *Brautarftelt*. Þar er teiknuð kirkja en Brautarholt var kirkjustaður á 18. öld eins og komið hefur fram hér að ofan.



Mynd 2. Hluti af Íslandskorti frá árinu 1734 eftir Thomas Hans Henrik Knoff, sem varðveitt er í danska ríkisskjalasafninu. Efst í vinstra horni er stækkuð mynd sem sýnir örnefnið Brautarholt og Andríðsey. Mynd fengin af vef Þjóðskjalasafns Íslands.

Staðhættir og ástand minja

Undir steypu kjallaragólfi í húsi Brautarholts (6a) á Kjalarnesi komu í ljós fornleifar við framkvæmdir á húsinu, sem er friðað.

Húsið stendur á gamla bæjarstæði Brautarholts (sjá Mynd 3) og var byggt um aldamótin 1900 en hefur tekið töluverðum breytingum síðan. Íbúðarhúsið stendur á svokölluðum *Kirkjuhóli* sem liggur á vestari hluta kletthryggsins Hjassa á Kjalarnesi. Það er elsta íbúðarhúsið á jörðinni. Á jörðinni hefur land verið ræst fram og brotið til ræktunar.¹⁵ Suðaustan við húsið stendur kirkja og er hún teiknuð á sama stað inn á túnakort frá árinu 1916.

Fyrstu rituðu heimildir um kirkju í Brautarholti eru frá árinu 1200 þar sem hennar er getið í kirknaskrá Páls biskups í Skálholti.¹⁶ Torfkirkja var endurbyggð í Brautarholti árið 1823 en 33 árum síðar var sú kirkja að falli komin og byggð ný timburkirkja árið 1857, sem enn stendur þar í dag.¹⁷




Mynd 3. Búið er að leggja túnakort yfir loftmynd af Brautarholti en hafa ber í huga að hlutföll túnakortsins eru ekki kórrétt. Íbúðarhúsið, ásamt kirkju og kirkjugörðum passa nokkuð vel saman í dag. Loftmynd: Landmælingar Íslands.

Þegar túnakortið af jörðinni er skoðað er áhugavert að sjá að þar eru tveir kirkjugarðar, núverandi kirkjugarður er austan megin við íbúðarhúsið, en sá sem er vestan megin er ekki lengur sjáanlegur. Ef marka má staðsetningu hans hér á myndinni fyrir ofan er búið að leggja veg yfir hann að hluta og hús (með rauðu þaki) var byggt alveg í austurjaðri garðsins.

¹⁵ Arnar Logi Björnsson ofl., 2014, bls. 133.

¹⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b., bls. 9.

¹⁷ Guðmundur L. Hafsteinsson, 2008, bls. 98.



Mynd 4. Samsett mynd. Túnakort af Brautarholti frá árinu 1916. Efst í hægra horninu má sjá stækkaða mynd af bæjarhólnum.

Svæðið sem var rannsakað er 4.8m x 6m að stærð og nær yfir vesturhluta kjallarans í Brautarholti. Fyrir miðju kjallarans er skorsteinn og töluvert rask sem fylgir honum sem er um 1.5 x 1.9 m. Einnig var mikið rask í SA og SV horninu, þar var m.a. steipt skolplögn í skurði sem náði að skorsteini til norðurs og út að tröppum kjallarans á vesturhlíð hússins. Var þetta raskaða svæði því ekki rannsakað nánar eftir hreinsun.



Mynd 5. Grjót- og torfveggur [700] ásamt mannvistarlögum í norðausturhluta kjallarans. Efst vinstra megin er steiptur skorsteinn. Ofan á torfveggnum er stoð sem heldur uppi húsinu.

Rannsókn

Aðferð

Rannsóknarsvæðið, 4.8m x 6m að stærð, var hreinsað með skóflum og múrskeið. Hnitakerfi í ISN93 var lagt út í kjallaranum út frá GPS hnitum hússins. Öll jarðlög sem greina mátti á yfirborði voru ljósmynduð og mæld inn og fékk hvert þeirra sitt einkennisnúmer, hlaupandi númer úr alstöð (Topcon). Jarðlagasamhengi þeirra var skoðað og skráð út frá einingaaðferð (e. *single-context method*) en þau voru ekki öll fjarlægð. Til þess að ná sem mestum upplýsingum á sem skemmstum tíma var ákveðið að taka borkjarna yfir allt svæðið. Út frá niðurstöðum þeirra voru þrjár könnunarskurðir gerðir og valin snið teiknuð og ljósmynduð. Snið fyrir utan húsið voru hreinsuð að hluta og ljósmynduð. Borkjarnar, könnunarskurður, jarðlög og aðrar einingar sem skilgreindar voru, voru mæld inn með Topcon alstöð. Borkjarnar voru teiknaðir upp á eyðublað og jarðlögum í þeim lýst og þeir ljósmyndaðir. Jarðlögum var lýst á eyðublöðum, ljósmyndir skráðar í ljósmyndaskrá, snið teiknuð á permatrace í skalanum 1:10. Sýni úr kolalögum og móösku voru tekin og fleytt. Haldin var dagbók með mælingum og athugasemdum fornleifafræðinga. Hnit voru tekin á flestum gripum sem fundust. Unnið var úr uppgraftargögnum í qGIS, Inkscape, yED Graph Editor, Microsoft Excel og Word. Gripir og sýni voru skráð í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, sem er opin almenningi. Úrvinnsla var unnin af Sólrúnu Ingu Traustadóttur og Margréti Valmundsdóttur.




Mynd 7. Margrét Valmundsdóttir við mælingar í könnunarskurði C.



Mynd 6. Uggi Ævarsson við borkjarnatöku í kjallaranum.

Könnunarskurðir


Gerðir voru þrjár könnunarskurðir og var staðsetning þeirra ákveðin út frá niðurstöðum borkjarna og einkennum jarðlaga á yfirborði.




Mynd 8. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu sem sýnir staðsetningu og afstöðu könnunarskurða, borkjarna og jarðlaga.

Könnunarskurður A

Könnunarskurður A var gerður fyrir ca. miðju svæði í suðurhluta kjallarans og snéri hann N-S og var hann 2 m að lengd og 0.6 m að breidd. Mannvistarlög í skurðinum voru allt að 32 cm þykk. Efst var torfblandað lag, því næst móaska og að lokum ljósbrúnt silt sem innihélt mikið af sóti, brenndum beinum og móösku blettum. Móaskan, nr. 2 á sniðteikningu, náði upp að grjóti úr mannvirki [2] en búið var að raska henni þar sem hún hefur legið upp að grjóthleðslunni. Móöskulagið, sem var um 15 cm þykkt í sniðinu, náði yfir stóran hluta kjallarans sunnan megin við skorsteininn en auk þess að liggja upp að grjóthleðslu [2] norðanmegin, nær það upp að torfvegg [171], vestan megin. Veggurinn snýr N-S.



Mynd 9. Suðurhluti af vestursniði í könnunarskurði A. Efst uppi í hægra horninu sést í steinaröð [2]. Jarðlögum hefur verið raskað nyrst, vinstra megin á mynd.



Mynd 10. Sniðteikning af vestursniði í skurði A, ásamt flæðiriti. Steininn á teikningunni er hluti af grjóthleðslunni sem eigandinn kom niður á, mannvirki [2]. Búið var að raska jarðlögum vinstra megin við grjótið.

Brotinn snældusnúður úr klébergi fannst í sniðinu en í skurðinum fannst einnig ávalur steinn með götum, sennilega sakka eða lóð. Sjá nánar í kaflanum Gripir í þessari skýrslu.


Könnunarskurður B

Könnunarskurður B var gerður í norðausturhorni kjallarans og snéri NNA-SSV, 1.5 m að lengd og 0.5 m að breidd. Hann var gerður í gegnum torfvegg [700] sem sást á yfirborði eftir hreinsun. Torfveggurinn er nr. 2 og 3 í sniðteikningunni hér fyrir neðan. Nr. 3 var svart leirkennt lag og mjög ólíkt nr. 2 en bæði tilheyra þó sennilegast torfvegnum. Svarti liturinn skýrist að öllum líkindum af því að grasrótin í torfhnausinum vísar niður og hefur brotnað niður með tímanum og myndar þetta svarta þunna lag í torfinu. Út frá samsetningu torfveggjarins má ætla að um sé að ræða eins konar klömbruhleðslu. Undir torfvegnum var þykkt grábrúnt mannvistarlag, nr. 4 á sniðteikningu, sem innihélt kol, brennd bein og móðskuskellur. Þegar veggurinn var byggður hefur verið stungið niður í lag nr. 4 fyrir grjóthleðslunni (nr. 1 í sniðteikningu). Lagið var um 30 cm þar sem það var þykkast. Út frá því er ljóst að töluvert hefur verið aðhafst á svæðinu áður en byggingin sem torfveggurinn tilheyrði var reistur. Lóðréttur niðurgroftur, nr. 13, hefur verið gerður í gegnum nr. 5 og nr. 6. Óljóst er um hlutverk hans en ekki sást móta fyrir neinni fyllingu í sniði.

Brautarholt T2022-51-2


24/6/2022 Skurður B 1:10

S.I.T



A — A 360554.40 N 418655.69 38.28 m.y.s.

B — A 360555.20 N 418656.91 38.28 m.y.s.



Mynd 11. Sniðteikning af vestursniði í skurði B, ásamt flæðiriti.



Mynd 12. Samsett mynd. Vestursnið í könnunarskurði B sem sýnir m.a. torf- og grjótvegg [700], mannvistarlag. Rofið í sniðinu er far eftir borkjarna, skalinn er 50 cm.

Um 40 cm þykk mannvistarlæg liggja beint ofan á landnáms gjóskunni, þar af er torf-og grjótveggur [700], um 15 cm þykkur. Eina gjóskulagið sem sást í veggja-torfinu var landnámslagið frá 877 +/-1 sem bendir til að veggurinn hafi sennilega verið byggður fljótlega eftir landnám, eða a.m.k. ekki mikið síðar en á fyrri hluta 11. aldar.

Í skurðinum fundust flestir gripanna, eða fimm talsins; eitt járnvinnslu gjall, tveir óþekktir járngríp og tveir steinar, þar af annar unninn og gæti hafa verið notaður sem hnefi í hnefatafli.

Sjá nánar í kaflanum

Gripir í þessari skýrslu.


Könnunarskurður C

Könnunarskurður C var gerður fyrir ca. miðju svæði í norðurhluta kjallarans. Hann sneri í A-V átt, 1.5 m að lengd og 0.5 m að breidd. Staðsetning hans var ákveðin út frá tveimur torfveggjum, [700] og [1052] sem sáust á yfirborði og var reynt að ná samhengi þeirra á milli. Auk veggjanna komu í ljós þétt kola- og ruslalög sem lágu undir veggjunum, ásamt hringlaga eldstæði eða eldunarholu í austurenda. Þegar torfhrun nr. 1 og torfveggir nr. 2 og nr. 3 höfðu verið fjarlægðir í skurðinum voru mannvistarlöggin undir grafin í einingaaðferð og þau skráð og mæld samkvæmt aðferðinni. Kolapytturinn/eldunarholan kom ekki fram í suðursniðinu sem var teiknað.

Brautarholt T2022-51-3

27.6.2022 Skurður C 1:10


S.I.T/M.V



A—| A 360553.86 N 418655.76 34.3 m.y.s

B—| A 360552.65 N 418656.21 34.3 m.y.s

X Gjóskusýni



Mynd 13. Sniðteikning af suðursniði í skurði C ásamt flæðiriti.

Hin svokallaða eldunarhola, [1202], var skorin í gegnum [2296] (nr. 4 í sniðteikningunni hér fyrir ofan), og samanstóð af þremur fyllingum. Áður en þær komu í ljós lá steinhella, um 40 cm x 25 cm að stærð yfir þeim (sjá Mynd 14).



Mynd 14. Steinhellan yfir eldunarholunni að koma í ljós undan torfvegg [700] sem er gulur og rauður á mynd. Hellan hefur gegnt einhverju hlutverki þegar kveikt var upp í kolunum. Horft til suðausturs.

Efsta fyllingin, [1182], var meðal bleikbrún að lit, mókennt silt. Fyllingin var mjög blönduð, með einstaka torfi og móöskublettum en útlínur voru mjög skýrar og niðurgröfturinn kom vel í ljós undan laginu. Önnur fyllingin, [1221], samanstóð af svartri ösku með mikið af kolum og brenndum beinum. Hún var nokkuð þétt í sér og kom skýrt í ljós þegar efri fyllingin, [1182], var fjarlægð. Þriðja og neðsta fyllingin, [1244], var brúnsvört, þétt og hörð aska sem innihélt mikið af brenndum beinum og kolum. Mannvistarlagið sem holan var skorin í, [2296], náði undir báða torfveggina og var þykkara til austurs þar sem það sást einnig í sniði á könnunarskurði B, nr. 4 og mögulega A (nr. 3 á sniðteikningu).



Mynd 15. Efsta fyllingin, [1182], í eldunarholunni.



Mynd 16. Önnur fyllingin, [1221], í eldunarholunni.

Út frá jarðlagasamhengi þá virðist þessi svokallaða eldunarhola vera utandyra og er eldri en allir þrír torfveggirnir sem sáust í skurði C. Holan tengist einhverri starfsemi sem hefur farið fram utandyra á bæjarstæðinu en ekki er hægt að segja nánar um hlutverk hennar. Sýni voru tekin úr öllum fyllingum í eldunarholunni og þeim fleytt (sjá nánar í sýnaskrá í þessari skýrslu).

Tveir steingripir fundust í skurði C, báðir í mannvistarlagi [2296] sem eldunarholan var skorin í. Sjá nánar í kaflanum Gripir í þessari skýrslu.

Mannvirki

Mannvirki [1] – púkk eða gólf kjallarans

Mannvirki [1] samanstendur af flötum steinum, ásamt malarlagi/fyllingu [82] sem er undir steinunum og nær yfir stærra svæði. Staðsett austanmegin við skorsteininn og lá beint undir steyptu gólfi kjallarans. Samskonar leifar (flatir steinar með möl undir) var einnig að finna vestan við skorsteininn (steinarnir voru mældir upp) og má ætla að þetta hafi verið gólfíð í kjallaranum þegar húsið var byggt upp úr aldamótum 1900 eða púkk undir timburgólf. Þessar grjóthleðslur eru jafnframt yngstu fornleifarnar á svæðinu.



Mynd 17. Leifar af mannvirki [1], vestan megin við skorstein: Flatir steinar með malargrús undir. Horft til SSA.

Mannvirki [2] og öskuhaugur [200]

Mannvirki [2] samanstendur af steinaröð sem liggur í boga rétt sunnan við skorsteininn í kjallaranum. Þrír stórir steinar og tveir minni (óljóst hvort þeir tengjast beint þeim stærri því þó nokkuð rask er af skorsteininum). Stærri steinarnir eru


ávalir, allt að 84 x 32 cm að stærð. Þétt upp við steinaröðina, sunnan megin, eru þykk móöskulög [200]. Steinaröðin virðist liggja í ljósbrúnu mannvistarlagi (nr. 3 á sniðteikningu af skurði A) sem innihélt mikið af kolasmíti, brenndum beinum og móöskublettum. Út frá staðsetningu og einkennum jarðlaga sunnan megin við steinaröðina mætti túlka hana sem eins konar garðlag sem afmarkar öskuhauginn við byggingarnar sem liggja norðar á svæðinu. Lögum og sérstaklega stærð steinanna eru gjörólík þeim sem tilheyra torfveggjunum í mannvirki [3] en eru þó staðsettir í svipaðri hæð og gætu hafa verið samtíða þeim á einhverjum tímapunkti.



Mynd 18. Grjóthleðslan í mannvirki [2] eins og hún leit út eftir yfirborðshreinsun. Skellótt torfhrun [141] er fyrir miðri mynd við skalann. Horft til SSV.

Mannvirki [3]

Mannvirki [3] er staðsett norðanmegin við skorsteininn í kjallaranum og samanstendur af torf- og grjótteggjum [700], [1045] og [1052]. Sennilegast er þó torfveggur [171] einnig hluti af mannvirkinu, en hann liggur suðvestan við skorsteininn (sjá yfirlitskort á Mynd 19). Litur, áferð og samsetning hans var eins og í vegg [1052] en rask vegna skorsteinsins og skolplagnar rífur tenginguna á milli veggjanna. Ljóst er að mannvirkið hefur a.m.k. tvo byggingarfasa, sem sést vel á sniðteikningu af skurði C (Mynd 13). Þar liggur torfveggur [2] (skv. teikningu), þvert á vegg [700] og [1052]. Það er þó möguleiki á að um sé að ræða fleiri en eina byggingu og könnunarskurður C hafi lent á milli þeirra. Þær hafa þá verið samtíða á einhverjum tímapunkti. Ekki er hægt að segja hvaða hlutverki mannvirkið eða byggingarnar hafa þjónað fyrir um 1000 árum síðan.




EPSG 3057 / ISN 93

Mynd 19. Yfirlitskort af mannvirki 3.

Gripir

Alls fundust 15 gripir við fornleifarannsóknina og hafa þeir nú verið skráðir í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn. Þar af eru 10 gripir úr steini, tveir úr járn, tveir peningar frá nútíma og ein gjallkaka.



Mynd 20. Gripir flokkaðir eftir efni. Steingripir vega þar mest og voru 67% af fundasafninu.

Steinn

Gripir úr steini eru í miklum meirihluta í fundasafninu eins og sést hér á kökurritinu fyrir ofan, eða 67%. Tíu steingripir voru teknir til varðveislu, þar af eru tveir ávalir steinar með götum. Annar þeirra, (2022-51-5), er með mörgum litlum götum, þar af ná tvö þör saman þar sem má ímynda sér að þráður hafi verið dreginn í gegn. Hann fannst í sniði í könnunarskurði A. Sá síðari (2022-51-9), fannst í skurði B, er klofinn eða eldsprunginn og þær hliðar sem eru heilar eru ávalar. Tvö lítil göt hafa verið boruð í gegnum steininn. Má ætla að þessir steingripir hafi verið notaðir sem lóð, annaðhvort í vefstað eða við veiðar.

Brot úr snældusnúð (2022-51-1) fannst ofarlega í sniði, í könnunarskurði A, í kolablönduðu mannvistarlagi. Snúðurinn er 3.8 cm í þvermál og þvermál á gati er 1 cm, þar sem halinn fer í gegn. Hann er dökkgrár að lit með fitukenndri áferð. Hann er úr innfluttu klébergi, sennilega frá Noregi.



Mynd 21. Snældusnúðurinn (2022-51-1), sem fannst í sniði í skurði A.

Steinar 2022-51-10 og 11 eru af sömu steingerð, ljósleitir með yrjóttum dökkgráum flekkjum sem glansa á köflum. Þeir fundust báðir í könnunarskurði B, annar er ávalur með flatan botn og virðist slípaður, en hinn er grófur og óunninn. Ef til vill gæti þessi ávali hafa verið notaður sem hnefi í hnefatafli og sá grófi verið ætlaður til vinnslu að einum slíkum.




Mynd 22. Yrjóttur, óunninn steinn 2022-51-11.



Mynd 23. Yrjóttur, unninn steinn, kúptur að ofan en flatur að neðan, 2022-51-10.

Tveir steinar fundust í könnunarskurði C, í síðasta mannvistarlaginu í skurðinum, [2296]. Steinn 2022-51-12 er lítill (1 cm í þvermál) og hvítur, sennilega skrautsteinn. Sá síðari, 2022-51-13 er brot úr steingrip, grár en með rauðleitri slípaðri brún. Erfitt er að segja til um hlutverk gripsins því brotið er afar lítið, eða um 2 cm á lengd.



Mynd 24. Kort sem sýnir staðsetningu þeirra gripa sem mældir voru inn með alstöð.

Tveir steinar fundust í sniði fyrir utan húsið og teljast til lausafunda, annar er rauður og nokkuð glansandi með rákum (2022-51-15), gæti verið jaspis tegund. Hinn er kúlulaga, (2023-51-14) 15 cm í þvermál. Ekki hægt að segja til um hvort þeir hafi gegnt einhverju hlutverki.

Lítill steinvala með rákum (2022-51-2) fannst í öskuhaug [200] og líkist litlum steinvölum sem finnast t.d. við strendur landsins. Þórgunnur Snædal, rúnasérfræðingur, rannsakaði steinvöluna þann 26. september 2023 og voru niðurstöður greiningar sem hér segir:

Steinvalan er með manngerðum ristum á öllum hliðum og eru þær þéttari öðrum megin. Ekki er hægt að greina með vissu að um rúnaletur sé að ræða, en mögulega má sjá rúnina „R“, á annarri hliðinni. Risturnar samanstanda aðallega af línnum og rákum sem ná allan hringinn. Á skammhliðum eru hringlaga ristur. Af áferðinni á ristunum og steinvölunni að dæma er ljóst að gripurinn hefur verið handleikinn mikið og gæti hafa verið í vasa eigandans um nokkurt skeið. Á hann hefur verið rist af ásettu ráði í einhverjum tilgangi en ekki er hægt að segja til um hvað risturnar tákna, það veit einungis sá eða sú sem hefur skorið þær í steininn fyrir um 1000 árum. Steinvalan gæti hafa verið verndargripur, hnefi í taflí eða jafnvel notuð sem lóð á vogarskál til að greina ákveðna þyngd. Gripurinn er engu að síður merkilegur og hafa fundist ógreinanlegar ristur á öðrum gripum hér á landi og víðar frá svipuðum tíma.¹⁸



Mynd 25. Steinvalan frá ýmsum hliðum.

Það er þó ekki hægt annað en að velta fyrir sér hvort rákirnar á steinvölunni séu náttúrulega myndaðar enda ekki hægt að greina neinar ákveðnar rúnir út úr þeim. Hvort heldur sem er þá hefur steinvalan verið tekin úr sínu upprunalega umhverfi fyrir 1000 árum, hún þótt áhugaverð fyrir einhverjar sakir, flutt heim að bæ og að lokum lent í öskuhaugnum.

¹⁸ Þórgunnur Snædal, munnleg heimild, 26. september 2023.

Járn


Tveir gripir úr járni fundust, (2022-51-6) og (2022-51-8). Mögulega er annar þeirra brot úr nagla, en ómögulegt er að staðfesta hlutverk þeirra nánar.

Málmur

Tveir peningar frá 20. öld fundust í röskuðu yfirborðslagi [10]; 5 aurar frá árinu 1963 (2022-50-3) og 10 aurar frá 1969 (2022-51-4).

Gjall

Járnríkur gjallmoli (2022-51-7), 253 gr að þyngd, fannst í könnunarskurði B. Sennilega er um að ræða afdellu/botngjall úr rauðablástursofni.



Mynd 26. Röntgenmynd af botngjalli (2022-51-7) og tveimur járngrípum. Sá minni virðist vera brot úr nagla (2022-51-8) en óljóst er hvers konar gripur sá þriðji er (2022-51-6). Lítið er eftir af járninu í gripunum tveimur og því greinist það illa í röntgenmyndatöku. Ljósmynd: Sigríður Þorgeirsdóttir, forvörður á Þjóðminjasafni Íslands.

Sýni

Alls hafa verið skráð sjö sýni í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn. Þar af eru fjögur jarðvegssýni og þrjú gjóskusýni. Búið er að fleyta öllum jarðvegssýnum og vega þau nú samtals 1.157 gr. Þrjú þeirra voru tekin úr fyllingum [1182], [1221], og [1244] í kolapytti eða eldunarholu sem fannst í skurði C. Þar eru að finna brennd bein og kolaðan við sem væri möguleiki á að kolefnisaldursgreina í framtíðinni með því markmiði að freista þess að fá nákvæmari aldur á fornleifarnar í kjallaranum í Brautarholti. Sýnin verða aðgengileg á Þjóðminjasafni Íslands. Skrá yfir sýnin er að finna í viðaukum í þessari skýrslu.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður fornleifarannsóknar eru þær að í Brautarholti (6a) á Kjalarnesi er að finna landnámsminjar af ýmsum toga. Þar eru tveir veglegir torf- og grjóthlaðnir veggir með landnámsgjósku sem hafa verið vandlega hlaðnir úr klömbu og streng. Einnig fundust móöskulög (öskuhaugur), um 24 cm að þykkt upp að steinaröð og torfvegg með landnámsgjósku. Svæðið var töluvert raskað þegar húsið var upphaflega byggt um 1900 og mátti meðal annars finna malarpúkk með stórum flötum steinum ofan á sem eru sennilegast frá þeim tíma. Einnig er skorsteinn fyrir miðjum kjallara, 1.5 x 1.5m að stærð en undir honum gætu enn leynst öröskuð mannvistarlög. Mannvistarlög lágu beint ofan á landnámsgjóskunni frá árinu 877 +/-1 og voru þau að meðaltali um 40-50m að þykkt. Alls voru teknir til varðveislu 15 gripir, þar á meðal brotinn snældusnúður úr klébergi, lítil steinvala með rispum og steinn með götum (sennilegast ætlaður til brúks í vefstað). Tveir peningar fundust í röskuðu yfirborði; 5 aurar frá árinu 1963 og 10 aurar frá 1969. Einnig má nefna tvo ógreinanlega járngripi, eitt gjall úr rauðablástursofni, lítinn hvítan skrautstein og mögulegan taflmann.

Ljóst er að í Brautarholti eru afar fornar minjar sem tilheyra fyrstu búsetu á jörðinni og út frá jarðalagasamhengi eru þær frá 9. öld til fyrra hluta 10. aldar, mögulega aðeins síðar. Mannvistarlög halda áfram til norðurs, austurs og vesturs og má því ætla að þau séu einnig að finna fyrir utan íbúðarhúsið að Brautarholti.



Mynd 27. Sigurður Bergsteinsson grefur könnunarskurð B. Grjóthleðslurnar á myndinni tilheyrir torfvegg [700]. Efst í vinstra horninu sést glitta í færibaldið sem var notað til að losa jarðveg úr kjallaranum.

Lokaorð – mótvægisáðgerðir

Eftir fornleifarannsóknina voru jarðvegsdúkar lagðir yfir það sem eftir var af fornleifum í kjallaranum og því næst malargrús yfir dúkinn og að lokum steypt yfir. Það eru því ennþá að finna mannvistarlög undir kjallaranum vestan megin og mögulega austan megin undir öllu húsinu. Ef frekari framkvæmdir fara fram á svæðinu umhverfis húsið eða innan þess er nauðsynlegt að rannsaka fornleifar sem liggja þar og verður framkvæmdaraðili að ráða fornleifafræðing til þess.

Efniviður til frekari rannsókna eru lífrænar leifar sem er að finna í sýnum úr mannvistarlögum, úr öskuhaug og kolapytt. Þá væri sérstaklega áhugavert að láta tegundargreina viðarkolin og aldursgreina með C14.

Jörðin Brautarholt á sér langa sögu sem og fleiri jarðir á Kjalarnesi. Þær hafa hins vegar verið lítið rannsakaðar með aðferðum fornleifafræðinnar og má ætla að þar leynist fornleifar frá fyrstu tíð undir sverði sem væri áhugavert að rannsaka í framtíðinni.

Myndaskrá

Mynd 1. Bæjarteikning af Brautarholtshverfi sem mælingadeild danska herforingjaráðsins gerði árið 1908. Þá voru alls 9 býli en aðeins tvö enn í byggð, Mýrarholt og Brautarholt. Teikning fengin hjá Landmælingum Íslands.	8
Mynd 2. Hluti af Íslandskorti frá árinu 1734 eftir Thomas Hans Henrik Knoff, sem varðveitt er í danska ríkis-skjalasafninu. Efst í vinstra horni er stækkuð mynd sem sýnir örnefnin Brautarholt og Andríðsey. Mynd fengin af vef Þjóðskjalasafns Íslands.	9
Mynd 3. Búið er að leggja túnakort yfir loftmynd af Brautarholti en hafa ber í huga að hlutföll túnakortsins eru ekki kórrétt. Íbúðarhúsið, ásamt kirkju og kirkjugörðum passa nokkuð vel saman í dag. Loftmynd: Landmælingar Íslands.	10
Mynd 4. Samsett mynd. Túnakort af Brautarholti frá árinu 1916. Efst í hægra horninu má sjá stækkaða mynd af bæjarhólnum.	11
Mynd 5. Grjót- og torfveggur [700] ásamt mannvistarlögum í norðausturhluta kjallarans. Efst vinstra megin er steyptur skorsteinn. Ofan á torfveggnum er stoð sem heldur uppi húsinu.	11
Mynd 6. Margrét Valmundsdóttir við mælingar í könnunarskurði C.	12
Mynd 7. Uggi Ævarsson við borkjarnatöku í kjallaranum.	12
Mynd 8. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu sem sýnir staðsetningu og afstöðu könnunarskurða, borkjarna og jarðlaga.	13
Mynd 9. Suðurhluti af vestursniði í könnunarskurði A. Efst uppi í hægra horninu sést í steinaröð [2]. Jarðlögum hefur verið raskað nyrst, vinstra megin á mynd.	14
Mynd 10. Sniðteikning af vestursniði í skurði A, ásamt flæðiriti. Steinninn á teikningunni er hluti af grjóthleðslunni sem eigandinn kom niður á, mannvirki [2]. Búið var að raska jarðlögum vinstra megin við grjótið.	14
Mynd 11. Sniðteikning af vestursniði í skurði B, ásamt flæðiriti.	15
Mynd 12. Samsett mynd. Vestursnið í könnunarskurði B sem sýnir m.a. torf- og grjótvegg [700], mannvistarlag. Rofið í sniðinu er far eftir borkjarna, skalinn er 50 cm.	16
Mynd 13. Sniðteikning af suðursniði í skurði C ásamt flæðiriti.	17
Mynd 14. Steinhellan yfir eldunarholunni að koma í ljós undan torfvegg [700] sem er gulur og rauður á mynd. Hellan hefur gegnt einhverju hlutverki þegar kveikt var upp í kolunum. Horft til suðausturs.	18
Mynd 15. Efst fyllingin, [1182], í eldunarholunni.	18
Mynd 16. Önnur fyllingin, [1221], í eldunarholunni.	18


Mynd 17. Leifar af mannvirki [1], vestan megin við skorstein: Flatir steinar með malargrús undir. Horft til SSA.	19
Mynd 18. Grjóthleðslan í mannvirki [2] eins og hún leit út eftir yfirborðshreinsun. Skellótt torfhrun [141] er fyrir miðri mynd við skalann. Horft til SSV.....	20
Mynd 19. Yfirlitskort af mannvirki 3.	21
Mynd 20. Gripir flokkaðir eftir efni. Steingripir vega þar mest og voru 67% af fundasafninu.	21
Mynd 21. Snældusnúðurinn (2022-51-1), sem fannst í sniði í skurði A.	22
Mynd 22. Yrjóttur, óunninn steinn 2022-51-11.	23
Mynd 23. Yrjóttur, unninn steinn, kúptur að ofan en flatur að neðan, 2022-51-10.	23
Mynd 24. Kort sem sýnir staðsetningu þeirra gripa sem mældir voru inn með alstöð.	23
Mynd 25. Steinvalan frá ýmsum hliðum.	24
Mynd 26. Röntgenmynd af botngjalli (2022-51-7) og tveimur járngrípum. Sá minni virðist vera brot úr nagla (2022-51-8) en óljóst er hvers konar gripur sá þriðji er (2022-51-6). Lítið er eftir af járninu í gripunum tveimur og því greinist það illa í röntgenmyndatöku. Ljósmynd: Sigríður Þorgeirsdóttir, forvörður á Þjóðminjasafni Íslands.	25
Mynd 27. Sigurður Bergsteinsson grefur könnunarskurð B. Grjóthleðslurnar á myndinni tilheyra torfvegg [700]. Efst í vinstra horninu sést glitta í færibaldið sem var notað til að losa jarðveg úr kjallaranum.	27

Viðaukar

1. Mannvirkjaskrá

Nr. Mannvirkis	Svæði	Nr. Teikningar	Tegund
1	Kjallari		Púkk/Gólf
2	Kjallari	T1	Gerði?
3	Kjallari	T2 og T3	Bygging

2. Flæðirit (*matrix*) – eldunarhola



3. Einingaskrá

Eininga- númer	Heiti	Tegund	Litur	Lýsing	Túlkun	Grafið
10	Yfirborðslag	Mannvistarlag	Meðal, rauð- brúnt	Sand- og malarkennt silt. Laust í sér	Yfirborðslag sem náði yfir allan kjallarann. Blandað, með steypuruðningi sem þrýstist niður í næstu lög. Engir gripir fyrir utan 2 peninga; 5 aur frá 1963 og 10 aur frá 1969. Einstaka brennd bein, kol, móaska og steinar, meðal af torfi og smásteinum. Við skorsteininn sunnanmegin er meira rask og mun meira af torfi með LNL og móösku. Allt tekið með yfirborðslagi.	Að hluta.
21	Mannvistarlag	Mannvistarlag	Meðaldökkt, rauðbrúnt.	Silt	Lag sem afmarkast af grjót og torfvegg sunnanmegin, staðsett í NA horni kjallarans.	Að hluta, í skurði C.
56	Skolplögn í NA horni	Niðurgroftur		Línulaga lögun í plani. Halli á hliðum er lóð- réttur	Malarfylling í skurði fyrir skolplögn sem lá frá SV horni í kjallara og lá A-V að skorsteini sem er fyrir miðju í kjallara. Skítalykt gaus upp ef hreyft var við fyllingunni. Raskar steinalögn [2] sem liggur í boga sunnan við skorstein. Raskar torflagi [171] til SA.	Að hluta.

Eininga- númer	Heiti	Tegund	Litur	Lýsing	Túlkun	Grafið
82	Púkk, möl með steypumulning	Mannvistarlag	Meðal, grátt	Grjótkennd möl. Laus í sér	Púkk, staðsett suður af skorsteini. Malarfyll- ing með flötum steinum ofan á, búið var að fjarlægja að hluta/mestu þegar komið var á svæðið. Samskonar púkk er einnig að finna vestan við skorstein (ekki mælt inn). Púkkið var beint undir steypu gólfi kjallarans. Samanstendur af litlum og meðalstórum steinum (ca 10-15 cm). Tveir flatir stórir steinar (ca 30x40 cm) (mældir inn) lágu ofan á malarpúkkinu.	Já.
141	Torfblandingur	Mannvistarlag	Ljós, gulbrúnt	Malarkennt torf, mjúkt	Torfblandað lag staðsett suður af steinaröð [2]. Liggur ofan á móösku [200]. Mjög rótað, mögulega hreyft. Einstaka smásteinar og móaska. Grafið að hluta 21/6 - svo var tekinn könnunarskurður austast í gegnum torf, móösku og moldarlag.	Já.

Eininga- númer	Heiti	Tegund	Litur	Lýsing	Túlkun	Grafið
171	Torfveggur	Mannvistarlag	Ljóst, gult	Torf, mjúkt í sér	Torflag staðsett í SV horni kjallarans, liggur í N-S átt, skorið af skólplögn [56] vestanmegin, liggur upp að steinaröð [2] nyrst. Móaska [200] liggur þétt upp við vegginn suðaustanmegin. Torfið er veggur og er að öllum líkindum sami veggur og er norðaustan, [1052]. LNL gjóska greinanleg í laginu.	Nei.
